

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 446/2014

2014/EES/76/01

frá 2. maí 2014

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 og (ESB) nr. 275/2010 að því er varðar gagnaraðir sem taka skal saman og viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja <sup>(1)</sup>, einkum a-, b-, d-, e- og j-lið 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 var komið á sameiginlegum ramma um söfnun, sendingu og mat á evrópskum hagskýrslum um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Sambandinu.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 <sup>(2)</sup> var tilgreint hversu oft hagskýrslur um skipulag fyrirtækja til margra ára eru teknar saman og hvernig niðurstöður skulu sundurliðaðar við gerð hagskýrslna um skipulag fyrirtækja til að fá fram gögn sem eru samanburðarhæf og samræmd milli aðildarríkja.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 275/2010 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um viðmiðanir við gæðamat og innihald gæðaskýrslna sem aðildarríkin leggja fram.
- 4) Nauðsynlegt er að uppfæra skrána fyrir könnunaratriði um lýðfræði fyrirtækja með því að tilgreina gagnaraðir með að minnsta kosti einum launamanni til að svara þörf fyrir aukinn alþjóðlegan sambærileika niðurstaðna, einkum fyrir tölfræðilegar upplýsingar um frumkvöðlastarfsemi. Einnig ætti að ákveða tíðni og sundurliðun niðurstaðna um þessi könnunaratriði á fyrsta viðmiðunarárinu. Því ætti að breyta IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 og I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 til samræmis við það.
- 5) Reynslan hefur sýnt að ekki er þörf á könnunaratriðunum, sem komið var á fót í V. til VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, í núgildandi árlegri tíðni. Því ætti að laga tíðnina að samantekt á tíu ára fresti. Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 til samræmis við það.
- 6) Ekki er lengur þörf á að gæðaskýrslurnar um hagskýrslur, sem teknar eru saman samkvæmt V. til VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, séu gerðar á hverju ári. Því ætti að laga tíðni þeirra að framlagningu á 10 ára fresti í samræmi við gagnakröfurnar. Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 275/2010 ætti að breyta til samræmis við það.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2014 frá 13. nóvember 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar gagnaraðir sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og nauðsynlega aðlögun eftir endurskoðun á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) (Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 275/2010 frá 30. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja (Stjtið ESB L 86, 1.4.2010, bls. 1).

- 7) Sambandið og innlendir hagsmunaaðilar hafa kallað eftir einum samþættum vísí til að tryggja betri vöktun með framförum í nýsköpun, með skírskotun til „áætlunarinnar Evrópa 2020“. Með vísínum er meðal annars ætlunin að setja viðmiðun á atvinnu í nýsköpunarfyrirtækjum í örum vexti um alla Evrópu og á alþjóðlegum vettvangi. Mikilvægt er að miðla upplýsingum sem liggja til grundvallar þessum nýja vísí til að hægt sé að nota hann á Evrópuönninni 2014 (e. *European Semester 2014*). Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 295/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I., V., VI., VII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 275/2010 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., V., VI., VII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. liðar 8. þáttar í I. viðauka „Sending niðurstaðna“ komi eftirfarandi:

„1. Senda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins, nema að því er varðar atvinnugreinaflokkanna 64.11 og 64.19 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. Afhendingarfrestur, að því er varðar atvinnugreinaflokkanna 64.11 og 64.19 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., er 10 mánuðir. Afhendingarfresturinn, sem hlýst af atvinnugreinaflokkum sem falla undir hópa 64.2, 64.3 og 64.9 og 66. deild í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., verður ákveðinn í samræmi við reglugerðarmæðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.“,

2. Í stað 5. þáttar í V. viðauka komi eftirfarandi:

„5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar hagskýrslur eru teknar saman um könnunatriðin sem skráð eru í 4. þætti.“,

3. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað orðsins „árlega“ í d-lið 4. þáttar komi „á nokkurra ára fresti“,

b) í stað 5. þáttar komi eftirfarandi:

„5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar hagskýrslur eru teknar saman um könnunatriðin sem skráð eru í 4. þætti.“,

4. Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað orðsins „árlega“ í 2. og 3. lið 4. þáttar komi „á nokkurra ára fresti“,

b) í stað 5. þáttar komi eftirfarandi:

„5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar hagskýrslur eru teknar saman um könnunatriðin sem skráð eru í 4. þætti.“,

5. Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi könnunatriði bætist við 1. lið 5. þáttar:

„11 01 0	Þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann í t
11 02 0	Fjöldi starfandi fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t
11 03 0	Fjöldi fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur frá ákveðnum tímapunkti í t
11 04 1	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímapunkti í t – 1 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímapunkti í t
11 04 2	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímapunkti í t – 2 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímapunkti í t

11 04 3	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 3 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
11 04 4	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 4 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
11 04 5	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 5 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
11 96 0	Fjöldi fyrirtækja í öðrum vörðum, mæld eftir störfum í t <sup>4</sup>

b) eftirfarandi könnunatriði bætist við 2. lið 5. þáttar:

„16 01 0	Fjöldi starfsmanna í t í þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 01 1	Fjöldi launamanna í t í þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 02 0	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t
16 02 1	Fjöldi launamanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t
16 03 0	Fjöldi starfsmanna í t í þýði starfandi fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur frá einhverjum tímavörðum í t
16 03 1	Fjöldi launamanna í t í þýði starfandi fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur frá einhverjum tímavörðum í t
16 04 1	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 1 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 04 2	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 2 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 04 3	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 3 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 04 4	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 4 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 04 5	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 5 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 05 1	Fjöldi starfsmanna í t – 1 í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 1 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 05 2	Fjöldi starfsmanna í t – 2 í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 2 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 05 3	Fjöldi starfsmanna í t – 3 í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 3 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 05 4	Fjöldi starfsmanna í t – 4 í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 4 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 05 5	Fjöldi starfsmanna í t – 5 í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn á einhverjum tímavörðum í t – 5 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann á einhverjum tímavörðum í t
16 96 1	Fjöldi launamanna í fyrirtækjum í öðrum vörðum, mældur í störfum í t <sup>4</sup>

c) í stað 9. þáttar komi eftirfarandi:

„9. ÞÁTTUR

Senda ber bráðabirgðaniðurstöður um könnunaratriði sem tengjast niðurlögn fyrirtækja (11 93 0, 16 93 0 og 16 93 1) innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins. Senda ber endurskoðaðar niðurstöður fyrir þessi könnunaratriði innan 30 mánaða frá sama viðmiðunartímabili, að lokinni staðfestingu á niðurlögn fyrirtækja eftir tveggja ára aðgerðaleysi.

Senda ber bráðabirgðaniðurstöður um könnunaratriði 11 03 0, 16 03 0 og 16 03 1 innan 20 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins. Senda ber endurskoðaðar niðurstöður fyrir þessi könnunaratriði innan 32 mánaða frá sama viðmiðunartímabili, að lokinni staðfestingu á stöðunni eftir tvö ár.

Senda ber allar aðrar niðurstöður, sem varða árlegar lýðfræðilegar hagtölur um fyrirtæki með að minnsta kosti einn launamann, innan 20 mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins.

Senda ber bráðabirgðaniðurstöður um könnunaratriði sem varða fyrirtæki í örum vexti, mæld eftir störfum, innan 12 mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins.

Senda ber allar aðrar niðurstöður innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.“

\_\_\_\_\_

## II. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 er breytt sem hér segir:

1. Lið 1 er breytt sem hér segir:

a) í yfirlitstöflunni komi eftirfarandi í stað heitisins á kóðanum 1D:

„Árlegar fyrirtækjahagskýrslur um starfsemi seðlabanka og lánastofnana sem eru flokkaðar í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 2. endursk., grein 64.19“

b) eftirfarandi kóði bætist við yfirlitstöfluna:

Kóði	Titill
„1G	Árlegar fyrirtækjahagskýrslur um váttryggingaþjónustu og lífeyrissjóði“

c) eftirfarandi kemur í stað töflunnar sem merkt er „Árlegar fyrirtækjahagskýrslur um starfsemi seðlabanka“:

„Árlegar fyrirtækjahagskýrslur um starfsemi seðlabanka og lánastofnana flokkaðar í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 2. endursk., grein 64.19, skráðar í 3. og 4. lið 4. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008

## Röð 1D

Heiti raðar	Árlegar fyrirtækjahagskýrslur um starfsemi seðlabanka og lánastofnana sem eru flokkaðar í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 2. endursk., grein 64.19
Fyrsta viðmiðunarár	2013
Tíðni	Árlega
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 2. endursk., greinar 64.11 og 64.19
Könnunatriði	Könnunatriði í 3. lið 4. þáttar I. viðauka: 11 11 0 Fjöldi fyrirtækja Könnunatriði í 4. lið 4. þáttar I. viðauka: 12 12 0 Framleiðsluverðmæti 12 15 0 Vinnsluvirði á þáttaverði 12 17 0 Vergur rekstrarafgangur 13 11 0 Heildarkaup á vörum og þjónustu 13 13 1 Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks 13 31 0 Starfsmannakostnaður 13 32 0 Laun 13 33 0 Kostnaður vegna almannatrygginga 15 11 0 Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum 16 11 0 Fjöldi starfsmanna 16 13 0 Fjöldi launamanna 16 14 0 Fjöldi launamanna í heilum stöðugildum
Sundurliðun eftir starfsemi (prep)	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., fjögurra stafa sundurliðun (atvinnugrein)“

d) eftirfarandi tafla bætist við:

„**Árlegar fyrirtækjahagskýrslur um váttryggingastarfsemi og lífeyrissjóði**, skráðar í 3. og 4. lið 4. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008

**Röð 1G**

Heiti raðar	Árlegar fyrirtækjahagskýrslur um váttryggingaþjónustu og lífeyrissjóði
Fyrsta viðmiðunarár	2013
Tíðni	Árlega
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., deild 65
Könnunatriði	Könnunatriði í 3. lið 4. þáttar I. viðauka: 11 11 0 Fjöldi fyrirtækja Könnunatriði í 4. lið 4. þáttar I. viðauka: 12 11 0 Velta 12 12 0 Framleiðsluverðmæti 12 15 0 Vinnsluvirði á þáttaverði 12 17 0 Vergur rekstrarafgangur 13 11 0 Heildarkaup á vörum og þjónustu 13 13 1 Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks 13 31 0 Starfsmannakostnaður 13 32 0 Laun 13 33 0 Kostnaður vegna almannatrygginga 15 11 0 Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum (að undanskildum hópum 65.1 og 65.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 2. endursk.) 16 11 0 Fjöldi starfsmanna 16 13 0 Fjöldi launamanna (að undanskildum flokkum 65.1 og 65.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 2. endursk.) 16 14 0 Fjöldi launamanna í heilum stöðugildum
Sundurliðun eftir starfsemi (þrep)	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., fjögurra stafa sundurliðun (atvinnugrein) <sup>44</sup>

2. Liðum 5, 6 og 7 er breytt sem hér segir:

- a) í yfirlitstöflunum falli orðið „árlegt“ brott,
- b) töflurnar breytist sem hér segir:
- i. í heiti titla og raða falli orðið „árlegt“ brott,
- ii. undir „tíðni“ komi „á tíu ára fresti“ í stað orðsins „árlega“,

3. Lið 9 er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi raðir bætast við yfirlitstöfluna:

Kóði	Titill
„9E	Árlegar lýðfræðilegar hagtölur um fyrirtæki með að minnsta kosti einn launamann, sundurliðaðar eftir lagalegu formi
9F	Árlegar lýðfræðilegar hagtölur um fyrirtæki með að minnsta kosti einn launamann, sundurliðaðar eftir stærðarflokkum starfsmanna

Kóði	Titill
9G	Árlegar bráðabirgðaniðurstöður um niðurlögn fyrirtækja með að minnsta kosti einn launamann, sundurliðaðar eftir lagalegu formi
9H	Árlegar bráðabirgðaniðurstöður um niðurlögn fyrirtækja með að minnsta kosti einn launamann, sundurliðaðar eftir stærðarflokkum starfsmanna
9M	Árlegar hagtölur um fyrirtæki í örum vexti, mæld eftir störfum
9P	Árlegar bráðabirgðahagtölur um fyrirtæki í örum vexti, mæld eftir störfum“

b) eftirfarandi töflur bætast við:

„Árlegar lýðfræðilegar hagtölur um fyrirtæki með að minnsta kosti einn starfsmann, sundurliðaðar eftir lagalegu formi, skráð í 1. og 2. lið 5. þáttar í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008

#### Röð 9E

Heiti raðar	Árlegar lýðfræðilegar hagtölur um fyrirtæki með að minnsta kosti einn launamann, sundurliðaðar eftir lagalegu formi
Fyrsta viðmiðunarár	2012
Tíðni	Árlega
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., þættir B–N
Könnunaratriði	11 01 0 Þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann í t 11 02 0 Fjöldi starfandi fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t 11 03 0 Fjöldi fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur í t 16 01 0 Fjöldi starfsmanna í t í þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann í t 16 01 1 Fjöldi launamanna í t í þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann í t 16 02 0 Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t 16 02 1 Fjöldi launamanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t 16 03 0 Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur í t 16 03 1 Fjöldi launamanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur í t
Sundurliðun eftir starfsemi (prep)	B NÁMUGRÖFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU C FRAMLEIÐSLA 10 + 11 + 12 Framleiðsla matvæla, drykkjarvöru og tóbaksvara 13 + 14 Framleiðsla á textílvörum og fatnaði



15	Framleiðsla á leðri og leðurvörum
16	Framleiðsla á viði, viðarvörum og korki, önnur en húsgagnagerð; framleiðsla á vörum úr hálm og fléttiefnum
17 + 18	Framleiðsla á pappír og pappírsvörum; prentun og afritun á uppteknu efni
19	Framleiðsla á koxi og hreinsuðum olíuvörum
20 + 21	Framleiðsla á íðefnum og íðefnavörum; framleiðsla á hráefnum til lyfjagerðar og lyfjasamsetningum
22	Framleiðsla á gúmmi- og plastvörum
23	Framleiðsla á jarðefnum, öðrum en málmum
24 + 25	Framleiðsla á hrámálmum og fullnum málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði
26 + 27	Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum, framleiðsla á rafbúnaði
28	Framleiðsla á vélum og tækjum, ót.a.
29 + 30	Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum, eftirvögnum, tengivögnum og öðrum flutningatækjum
31 + 32	Framleiðsla á húsgögnum og önnur framleiðsla
33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja
D	RAFMA GNS-, GAS- OG GUFUVEITUR OG LOFTRÆSTIKERFI
E	VATNSVEITA, FRÁVEITUKERFI, MEDHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUNARSTARFSEMI
F	BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ
G	HEILDVERSLUN OG SMÁSÖLUVERSLUN, VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM OG BIFHJÓLUM
45	Heildverslun og smásala og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
46	Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
47	Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
47.1	Blönduð smásala
47.2	Smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum
47.3	Smásala á eldsneyti vélknúinna ökutækja í sérverslunum
47.4	Smásala á upplýsinga- og fjarskiptabúnaði í sérverslunum
47.5	Smásala á öðrum heimilisbúnaði í sérverslunum

47.6	Smásala á vörum sem tengjast menningu og tómstundum í sérverslunum
47.7	Smásala á öðrum vörum í sérverslunum
47.8	Smásala úr söluvögnum og á mörkuðum
47.9	Smásala, ekki í verslunum, úr söluvögnum eða á mörkuðum
H	FLUTNINGAR OG GEYMSLA
49	Flutningar á landi og eftir leiðslum
50	Flutningar á sjó og vatnaleiðum
51	Flutningar í lofti
52	Vörugeymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga
53	Póst- og boðberaþjónusta
I	STARFSEMI TENGDISTIADSTÖÐU OG VEITINGAREKSTRI
55	Gistiaðstaða
56	Starfsemi tengd veitingasölu
J	UPPLÝSINGAR OG SAMSKIPTI
58	Útgáfustarfsemi
59	Útgáfustarfsemi á sviði framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni, hljóðupptöku og tónlist
60	Útvarps- og sjónvarpssendingar, dagskrárgerð
61	Fjarskipti
62	Tölvuforritun, tölvuráðgjöf og tengd starfsemi
62.0	Tölvuforritun, tölvuráðgjöf og tengd starfsemi
62.01	Starfsemi á sviði tölvuforritunar
62.02	Starfsemi á sviði tölvuráðgjafar
62.03	Rekstrarþjónusta varðandi tölvubúnað
62.09	Önnur starfsemi á sviði upplýsingatækni og tölvuþjónustu
63	Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu
K_X_K642	FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGASTARFSEMI AÐ UNDANSKILINNI STARFSEMI EIGNARHALDSFÉLAGA (FLOKKUR 64.2 Í ATVINNUGREINAFLOKKUN EVRÓPUBANDALAGANNA, 2. ENDURSK.)
64.1 + 64.3 + 64.9	Þjónusta fjármálafyrirtækja, að frátöldum vátrygginga- og lífeyrissjóðum, að undanskilinni starfsemi eignarhaldsfélaga
65	Vátryggingafélög, endurtryggingafélög og lífeyrissjóðir, þó ekki lögboðnar almannatryggingar

66	Starfsemi tengd fjármálaþjónustu og váttryggingum
L	FASTEIGNAVIÐSKIPTI
68	Fasteignaviðskipti
68.1	Kaup og sala á eigin fasteignum
68.2	Leiga og rekstur eigin eða leigðra fasteigna
68.3	Fasteignaviðskipti gegn þóknun eða samkvæmt samningi
68.31	Fasteignasölur
68.32	Fasteignarekstur gegn þóknun eða samkvæmt samningi
M	FAGLEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI
69	Lögfræðiþjónusta og reikningshald
69.1	Lögfræðiþjónusta
69.2	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf
70	Starfsemi aðalskrifstofa, rekstraráðgjöf
70.1	Starfsemi aðalskrifstofa
70.2	Rekstraráðgjöf
70.21	Almannatengsl og samskipti
70.22	Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf
71	Starfsemi arkitekta og verkfræðinga, tæknilegar prófanir og greining
71.1	Starfsemi arkitekta og verkfræðinga og tengd tæknileg ráðgjöf
71.11	Starfsemi arkitekta
71.12	Starfsemi verkfræðinga og tengd tæknileg ráðgjöf
71.2	Tæknilegar prófanir og greining
72	Vísindarannsóknir og þróunarstarf
72.1	Rannsóknir og þróunarstarf í raunvísindum og verkfræði
72.11	Rannsóknir og þróunarstarf í líftækni
72.19	Aðrar rannsóknir og þróunarstarf í raunvísindum og verkfræði
72.2	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum
73	Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir

---

73.1	Auglýsingar
73.11	Auglýsingastofur
73.12	Auglýsingamiðlun
73.2	Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir
74	Önnur fagleg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
74.1	Sérhæfð hönnunarstarfsemi
74.2	Ljósmyndaþjónusta
74.3	Þýðingar- og túlkunarþjónusta
74.9	Önnur fagleg, vísindaleg og tæknileg starfsemi, ót.a.
75	Dýralækningar
N	STJÓRNUNAR- OG STUÐNINGSPJÓNUSTA
77	Leigustarfsemi
77.1	Leiga á vélknúnum ökutækjum
77.11	Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum
77.12	Leiga á vörubifreiðum
77.2	Leiga á vörum til einka- og heimilisnota
77.21	Leiga á tómstunda- og íþróttavörum
77.22	Leiga á myndböndum og diskum
77.29	Leiga á öðrum munum til einka- og heimilisnota
77.3	Leiga á öðrum vélum, búnaði og efnislegri vöru
77.31	Leiga á landbúnaðarvélum og -tækjum
77.32	Leiga á vinnuvélum og tækjum til byggingarframkvæmda og mannvirkjagerðar
77.33	Leiga á skrifstofuvélum og -búnaði (einnig tölvum)
77.34	Leiga á búnaði til flutninga á sjó- og vatnaleiðum
77.35	Leiga á búnaði til flutninga í lofti
77.39	Leiga á öðrum vélum, búnaði og efnislegri vöru, ót.a.
77.4	Leiga á hugverkum og skyldum eignum, nema verkum sem njóta höfundarréttar
78	Atvinnustarfsemi

78.1	Starfsemi ráðningarstofa
78.2	Starfsemi starfsmannaleiga
78.3	Önnur starfsmannamiðlun
79	Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bóknarþjónusta og tengd starfsemi
79.1	Starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda
79.11	Starfsemi ferðaskrifstofa
79.12	Starfsemi ferðaskipuleggjanda
79.9	Önnur bóknarþjónusta og tengd starfsemi
80	Öryggis- og rannsóknarstarfsemi
80.1	Einkarekin öryggisþjónusta
80.2	Starfsemi við öryggiskerfajónustu
80.3	Rannsóknarstarfsemi
81	Þjónusta í tengslum við byggingar og landslag
81.1	Blönduð stuðningsstarfsemi á starfsstöð
81.2	Starfsemi við þrif
81.21	Almenn þrif bygginga
81.22	Önnur þrif á byggingum og í iðnaði
81.29	Önnur þrif, ót.a.
81.3	Starfsemi við landslagsþjónustu
82	Stjórnunar- og skrifstofuþjónusta og önnur stoðstarfsemi við fyrirtæki
82.1	Stjórnunar- og stoðþjónusta við skrifstofur
82.11	Blönduð stjórnunar- og skrifstofuþjónusta
82.19	Ljósritun, meðferð skjala og önnur sérhæfð stoðstarfsemi á skrifstofum
82.2	Starfsemi símsvörunarþjónusta
82.3	Skipulagning á ráðstefnum og vörusýningum
82.9	Ótalin stoðstarfsemi í tengslum við rekstur
82.91	Starfsemi innheimtuþjónusta og fyrirtækja sem veita upplýsingar um skuldastöðu
82.92	Pökkunarstarfsemi

	<p>82.99 Önnur ótalin stoðstarfsemi í tengslum við rekstur</p> <p><b>Sértækar samtölur</b></p> <p>B_TO_N Atvinnurekstur, að undanskildum flokki 64.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.</p> <p>B_TO_E Iðnaður</p> <p>ICT_M Upplýsinga- og fjarskiptatækni, framleiðsla (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.: 261 + 262 + 263 + 264 + 268)</p> <p>G_TO_N_X_K642 Þjónusta við atvinnurekstur, að undanskildum flokki 64.2 (starfsemi eignarhaldsfélaga), í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna</p> <p>ICT_T Upplýsinga- og fjarskiptatækni, samtals (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.: 261 + 262 + 263 + 264 + 268 + 951 + 465 + 582 + 61 + 62 + 631)</p> <p>ICT_S Upplýsinga- og fjarskiptatækni, þjónusta (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. : 951 + 465 + 582 + 61 + 62 + 631)</p> <p>ICT_W Upplýsinga- og fjarskiptatækni, heildverslun (flokkur 46.5 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.)</p>
Sundurliðun eftir lagalegu formi	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Í einkaeigu og án takmörkunar á persónulegri ábyrgð.</li> <li>2. Einkahlutafélög eða opinberlega skráð hlutafélög með takmarkaðri ábyrgð fyrir hluthafa.</li> <li>3. Takmörkuð og ótakmörkuð ábyrgð sameignarfélaga í einkaeigu. Meðal þeirra teljast einnig önnur rekstrarform eins og samvinnufélög, hlutdeildarfélög og svo framvegis.</li> <li>4. Öll lagalegu formin að ofan“</li> </ol>

Senda skal gögnin sem teljast til þessarar raðar, að frátöldum gögnum sem varða könnunatriði 11 03 0, 16 03 0 og 16 03 01, innan 20 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

Senda skal gögnin, sem varða könnunatriði 11 03 0, 16 03 0 og 16 03 01 og teljast til þessarar raðar, innan 32 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

**Árlegar lýðfræðilegar hagtölur um fyrirtæki með að minnsta kosti einn launamann, sundurliðaðar eftir fjölda launamanna**, skráð í 1. og 2. lið 5. þáttar í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008

#### Röð 9F

Heiti raðar	Árlegar lýðfræðilegar hagtölur um fyrirtæki með að minnsta kosti einn launamann, sundurliðaðar eftir stærðarflokki launamanna
Fyrsta viðmiðunarár	<p>2012</p> <p>2013 fyrir könnunatriði 11 04 1, 16 04 1 og 16 05 1</p> <p>2014 fyrir könnunatriði 11 04 2, 16 04 2 og 16 05 2</p> <p>2015 fyrir könnunatriði 11 04 3, 16 04 3 og 16 05 3</p> <p>2016 fyrir könnunatriði 11 04 4, 16 04 4 og 16 05 4</p> <p>2017 fyrir könnunatriði 11 04 5, 16 04 5 og 16 05 5</p>
Tíðni	Árlega
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., þættir B–N
Könnunatriði	<p>11 01 0 Þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann í t</p> <p>11 02 0 Fjöldi starfandi fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t</p>

11 03 0	Fjöldi fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur í t
11 04 1	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn í t – 1 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann í t
11 04 2	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn í t – 2 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann í t
11 04 3	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn í t – 3 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann í t
11 04 4	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn í t – 4 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann í t
11 04 5	Fjöldi fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn í t – 5 og höfðu einnig að minnsta kosti einn launamann í t
16 01 0	Fjöldi starfsmanna í t í þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann í t
16 01 1	Fjöldi launamanna í t í þýði starfandi fyrirtækja sem hafa að minnsta kosti einn launamann í t
16 02 0	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t
16 02 1	Fjöldi launamanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa fyrsta launamanninn í t
16 03 0	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur í t
16 03 1	Fjöldi launamanna í t í þýði fyrirtækja sem hafa enga launamenn lengur í t
16 04 1	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn í t – 1 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann í t
16 04 2	Fjöldi starfsmanna í t í þýði fyrirtækja sem höfðu fyrsta launamanninn í t – 2 og hafa einnig að minnsta kosti einn launamann í t
